

Mál nr. 119/2006

C
og
vátryggingafélagið X vegna A og
vátryggingafélagið Y vegna B

Árekstur á Njarðarbraut í Keflavík 10. febrúar 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. júní 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Ys. 4. júlí 2006.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að bifreiðin A hafi ekið eftir Njarðarbraut og tók síðan U-beygju til vinstri. Bifreiðin B hafi þá lent aftan á A. Tryggingafélag B telur ekki að leggja eigi alla sök á B.

Álit.

Af gögnum málsins liggur fyrir að B ók aftan á A er A tók U beygju til vinstri þar sem slík beygja er heimil.

Niðurstaða.

Öll sök á B.

Reykjavík, 1. ágúst 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.